

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir skolphreinsistöð í Hveragerði.

1. Almenn ákvæði

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir skolphreinsipró fyrir Hveragerði. Stöðinni er ætlað að taka við allt að 100 lítra rennsli á sekúndu.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka við þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/ eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Forráðamönnum stöðvarinnar er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis. Halda skal útliti og umhverfi snyrtilegu, m.a. skal fegra umhverfið með trjágróðri. Athafnasvæði stöðvarinnar skal afgirða.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins, geta að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hættu á skaðlegum áhrifum á umhverfi, heilsufar almennings eða óþægindi fyrir nærliggjandi íbúa.

2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis

- 2.1. Hreinsun skólpsins skal samanstanda af eftirfarandi þrepum:
 1. Gólfsgitun þar sem sorp og aðrir aðskotahlutir eru fjarlægðir.
 2. Botnfelling í minnst þrem hólfum með yfirfallsloftun milli hólfa.
- 2.2. Fyrsta árið sem stöðin starfar framkvæmir Hollustuvernd ríkisins mánaðarlega mengunarmælingar í aðrennsli stöðvarinnar og afrennsli hvers hólfs fyrir sig. Ef niðurstöður gefa tilefni til að mati Hollustuverndar ríkisins skal á öðru ári gerð tilraun með loftun frá botni 2. hólfs í eitt ár og mánaðarlegum sýnatökum Hollustuverndar ríkisins haldið áfram.
- 2.3. Sýni niðurstöður athugana skv. 2.2. að loftun gefi betri hreinsivirkni skal þeirri hreinsiaðferð beitt.
- 2.4. Forráðamönnum stöðvarinnar er skylt að ganga þannig frá útrás að ekki sjáist eftir blöndun við árvatnið.
 1. Útfellingar.
 2. Þekjur af rotverum.Ennfremur að ekki berist með frárennslinu efni sem valdi óþægilegri lykt, lit og gruggi.
- 2.5. 6 mánuðum eftir að stöðin hefur tekið til starfa skal í samráði við heilbrigðisnefnd fara fram könnun meðal nálægra íbúa á sjómengun og lyktarmengun tengdri rekstri stöðvarinnar.
- 2.6. Sýni könnun skv. 2.5. að um vandamál sé að ræða ber stöðinni í samráði við Hollustuvernd ríkisins að gera ráðstafanir til úrbóta.
- 2.7. Stöðin hefur heimild til að urða eða brenna botnset og ristarúrgang. Allur frágangur svo og staðarval til urðunar skal vera í samráði við heilbrigðisnefnd og við það miðast að ekki verði óþægindi, smithætta eða hættu á mengun umhverfisins.
- 2.8. Nýting botnsets sem áburðarefnis er einungis heimil, sýni mælingar á efnainnihaldi að slíkt sé óhætt og að niðurbrot hafi átt sér stað a.m.k. 1 ár fyrir notkun.
- 2.9. Forráðamenn stöðvarinnar skulu fylgjast reglulega með rennsli í viðtaka og í frárennsli. Skrá skal hætta og lægsta gildi, sem vart verður í hverri viku. Árlega skal auk þess gera úttekt á sveiflum í rennsli frárennslis miðað við meðal rennsli á sólarhring.

- 2.10. Þegar mánaðarlegum mengunarmælingum Hollustuverndar ríkisins lýkur, skulu forráðamenn stöðvarinnar árlega mæla í frárennsli fyrir og eftir hreinsun:
- hitastig (°C)
 - uppleyst súrefni (O₂)
 - sýrustig (pH)
 - lífræna og efnafræðilega súrefnisþörf (BOD eða COD)
 - lífrænar og ólífrænar svifagnir
 - gerlamengun
- Mælingar skulu gerðar skv. leiðbeiningum mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins.

3. Eftirlitsgjöld

Greiða skal gjald vegna eftirlits Hollustuverndar ríkisins í samræmi við 3. flokk gjaldskrár nr. 355/1986. Eftirlit mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins fer fram í samræmi við 3. gr. gjaldskrárinnar.

Niðurstöður athugana skv. 2.9. og 2.10. hér að framan skulu skv. 4. gr. gjaldskrárinnar árlega sendar mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins.

4. Gildistaka

- 4.1. Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. ágúst 1987.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Pálsson.